

Reykjavík 6. ágúst 2026



Hvatning um að taka afstöðu til loðdýraræktar í aðalskipulagi

Kæra sveitarstjórn,

Samtök um dýravelferð vilja koma á framfæri hvatningu til íslenskra sveitarfélaga um að skoða þá leið sem Norðurþing hefur nú farið með því að banna loðdýrarækt innan sveitarfélagsins í aðalskipulagi.

Ákvörðun Norðurþings er mikilvægt skref. Hún sýnir hvernig sveitarfélög geta nýtt skipulagsvald sitt til að móta stefnu sem tekur mið af dýravelferð, náttúruvernd og langtímahagsmunum samfélagsins.

Minkur er framandi ágeng tegund á Íslandi og minkastofn hér á landi á uppruna sinn að rekja til loðdýraræktar. Á Íslandi er loðdýrarækt mjög takmörkuð. Á sama tíma liggja fyrir rök sem lúta að dýravelferð, vernd lífríkis og mögulegri smithættu sem felst í loðdýrarækt. Með aukinni þekkingu á áhrifum loðdýraræktar og breyttum viðhorfum samfélagsins teljum við mikilvægt að sveitarfélög taki upplýsta afstöðu til framtíðar þessarar starfsemi og meti hvort hún samræmist markmiðum þeirra um sjálfbæra landnotkun, náttúruvernd og velferð dýra.

Samtök um dýravelferð hvetja því aðrar sveitarstjórnir til að fara að fordæmi Norðurþings.

Við teljum að með samstilltu átaki sveitarfélaga sé hægt að taka mikilvægt skref í átt að ábyrgari framtíð þar sem tekið er tillit til bæði náttúru Íslands og velferðar dýra.

Við þökkum ykkur fyrir að gefa málinu gaum og hvetjum til upplýstrar umræðu innan sveitarfélagsins.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Samtaka um dýravelferð,

formaður SDÍ